



Uglan segir ÚHÚ! - Hoot Owl Hoot!

Samvinnuspil

Aldur: 4+

Fjöldi leikmanna: 2 – 4

Leiktími: 15 mínútur

Innihald: 1x leikborð, 1x sólarflís, 6x uglur og 50x spil (14x sólarspil og 36x litaspil).

Hugmynd og markmið:

Litlu uglurnar fóru í ævintýraferð að skoða myrka skóginn yfir nóttina. En nú er fjörið búið og þær þurfa að komast heim í hreiðrið. Getið þið hjálpað þeim að fljúga heim áður en sólin rís? Markmið spilsins er að leikmenn vinna saman að því að koma uglunum í hreiðrið áður en sólin kemur upp.

Munið að *Úhú segir uglan* er samvinnuspil, sem þýðir að allir leikmenn vinna saman að einni útkomu – allir sigra eða tapa saman. Í samvinnuspili þarf leikmaður stundum að gera eitthvað sem hjálpar þeim sem gerir næst. Það er samvinna og sýnir gjafmildi – eins og að deila hlutum.

Undirbúningur:

Það eru þrjú erfiðleikastig í spilu:

Byrjendastig: Spilið með þrjár uglur á byrjunarreitum 1, 2 og 3.

Miðstig: Spilið með fjórar uglur á byrjunarreitum 1, 2, 3 og 4.

Fyrir lengra komna: Spilið með sex uglur á byrjunarreitum 1-6.

Á öllum stigum er sólarflísin sett á byrjunarreit sinn. Stokkið spilin og gefið hverjum leikmanni þrjú. Leikmenn snúa spilunum upp fyrir framan sig. Afgangurinn er settur í bunka. Við hlið hans verður ruslbunkinn. Yngsti leikmaðurinn byrjar og svo koll af kolli

klukkuhringinn.

Gangur spilsins:

Þar sem þetta er samvinnuspil og allir stefna að sama markmiði, mega leikmenn færa hvaða uglu sem er þegar þeir gera. Það má tala um spilin sín og skipuleggja þannig saman hvernig koma skal uglunum heim.

Það eru þrjú skref í hverri umferð:

1. Spila litaspili og henda því svo í ruslbunkann.
2. Færa eina uglu eða sólarflísina.
3. Draga nýtt spil.

Ef þú ert með sólarspil á hendi, VERÐUR þú að spila því. Þegar þú notar það, færir þú sólarflísina um einn reit á sólarlínunni. Síðan dregur þú spil. Þetta er þá það eina sem þú gerir. Ef þú ert ekki með sólarspil á hendi, notar þú litaspil til að færa uglu á næsta tóma reit í sama lit og spilið sem þú notaðir (alltaf í átt að hreiðrinu). Sem dæmi; ef þú ert með gult spil, færir þú einhverja uglu áfram á næsta lausa gula reit á leikborðinu.

Ef það er uglu á næsta litaða reit sem passar við spilið, flýgur uglan þín yfir þá uglu á þarnaesta reit í þeim lit. Það er mögulegt að fljúga langar vegalengdir á þennan hátt, jafnvel yfir nokkrar uglur sem eru í sama lit og þú stefnir á. Þetta er góð leið til að koma uglunum fljótt heim.

Ugla fær að komast í hreiðrið þegar það eru engir reitir eftir sem passa við litinn á spilinu sem verið er að spila.

Leikslök:

Ef allar uglurnar eru komnar í hreiðrið áður en sólarflísin kemst á endareit (áður en sólin rís), vinnið þið! Ef sólarflísin kemst á endareitinn áður en uglurnar eru komnar heim, hefur sólin risið og þið tapið. Ef þetta gerist, færið uglurnar aftur á byrjunarreitina og reynið aftur.

Kænskubragð:

Ekki láta uglurnar dragast of langt aftur úr. Það er erfitt að ná hinum uglunum. Gott er að spila sama litnum oft í röð. Það verður til þess að uglurnar fljúga yfir aðrar uglur og ná fyrr að hreiðrinu. Vinnið saman og ræðið hvaða spil séu best til að koma uglunum aftur í hreiðrið.

Það er gaman að segja ÚHÚ! þegar uglan ykkar flýgur yfir hinar. Þá er eins og þær séu að heilsast á fluginu!